



ÖLFUS

Starf vélstjóra á hafnsögubát Þorlákshafnar

Þorlákshafnarhöfn auglýsir laust til umsóknar 100% starf vélstjóra.

Starfið er unnið í vaktavinnu.

Þorlákshafnarhöfn er lifandi vinnustaður og verkefni fjölbreytt.

Starfsemi hafnarinnar vex hratt og því vantar okkur góðan liðsmann í okkar raðir.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Vélstjórn á hafnsögubátum og umsjón með viðhaldi vélbúnaðar
- Að þjónusta skip og báta sem til Þorlákshafnar koma, viðlegustjórn
- Tenging og aftenging vatns og rafmagns til skipa og skráning aflesturs á notkun í afgreiðslubækur
- Annast viðhald á eignum og mannvirkjum hafnarinnar
- Eftirlit og umsjón með búnaði, tækjum og aðstöðu hafnarinnar og eftir atvikum öðrum stofnunum sveitarfélagsins.
- Ber ábyrgð á að afli sé rétt vigtaður og rétt skráður í aflaskráningarkerfið GAFL
- Umsjón með hafnarsvæði Þorlákshafnar, skipulagi, umgengni, hreinsun og tiltekt
- Öryggisgæsla á hafnarsvæðum og vinna að uppfærslu á öryggismálum hafnarinnar
- Umsjón með hafnarvernd
- Annast að auki ýmis verkefni sem hafnarstjóri felur honum og aðstoðar við festarþjónustu eftir því sem því verður við komið hverju sinni

Hæfnikröfur:

- Góð samskiptafærni og jákvætt viðmót
- Vélstjórnarréttindi
- Réttindi PFSO frá Siglingastofnun Íslands er kostur
- Slysavarnaskóli sjómanna
- Bílpróf og stærri vinnuvélaréttindi eru kostur
- Skipulagsfærni og nákvæmni í vinnubrögðum
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð íslensku- og enskukunnátta er nauðsynleg, önnur tungumál kostur
- Dugnaður, vinnusemi og sveigjanleiki

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf ekki síðar en 1. september nk. eða eftir nánara samkomulagi. Umsóknarfrestur er til og með 30. júní nk.

Launakjör eru samkvæmt samningum launaneftdar sveitarfélaga við VM. Nánari upplýsingar um starfið veitir Benjamín Þorvaldsson, hafnarstjóri í síma 480-3602 eða í gegnum tölvupóst á benjamin@olfus.is Umsóknir skulu sendar rafrænt á www.olfus.is Með umsókn skal fylgja ferilskrá og afrit af viðeigandi réttindum. Við hvetjum öll kyn til að sækja um starfið.